

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 22. október 2021
UST202104-330/I.M.B.
09.03

Kynning á tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness

Umhverfisstofnun, í samstarfi við embætti forseta Íslands, Garðabæ, forsætisráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Minjastofnun Íslands, hefur unnið að undirbúningi friðlýsingar Bessastaðaness sem friðlands, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillaga að friðlýsingu svæðisins er nú lögð fram til kynningar í samræmi við 39. gr. sömu laga.

Friðlýsingin er hluti af átaki í friðlýsingum sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Tillaga að friðlýsingarskilmálum fyrir friðlandið ásamt korti er hér meðfylgjandi og er einnig að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 10. desember 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg Marta Bjarnadóttir (ingibjorgb@ust.is) og René Biasone (rene@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur



UMHVERFIS
STOFNUN

Bessastaðanes

Greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness

Tillaga að friðlýsingu Bessastaðaness í Garðabæ sem friðlands, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og náttúruverndaráætlun 2004 – 2008, var auglýst þann 22. október 2021 í samræmi við 2. mgr. 39. gr. sömu laga.

Samstarfshópur um undirbúning friðlýsingar svæðisins, sem skipaður er fulltrúum frá Umhverfisstofnun, embætti forseta Íslands, Garðabæ, Minjastofnun Íslands, forsætisráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðneyti og að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra, vann að tillögu að auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og afmörkun þess.

Erindi var sent öllum samráðs- og hagsmunaaðilum þar sem fram kom hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Auk þess var tillagan auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 10. desember 2021.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita til framtíðar náttúrulegt ástand svæðisins sem búsvæði fugla og mikilvægt

viðkomusvæði farfugla. Markmiðið er einnig að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins, lífríki í fjöru, grunnsævi, hafsbotni og vatnsbol, einkum með tilliti til fugla. Jafnframt er markmiðið að vernda fræðslu- og útivistargildi svæðisins sem felst m.a. í líffræðilegri fjölbreytni, auðugu lífríki, tækifærum til útivistar innan þéttbýlis og nýtingar sem samrýmist verndun búsvæða fugla.

Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma: Fuglavernd, Hafrannsóknarstofnun, hestamannafélaginu Sóta, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg og Vegagerðinni.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma tillögunnar.

Hafrannsóknarstofnun og Reykjavíkurborg gera ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsingu svæðisins.

Umhverfisstofnun þakkar innkomnar athugasemdir.

Fuglavernd fagnar friðlýsingunni en vill sjá hið friðlýsta svæði stærra þannig að það nái yfir alla Bessastaðatjörn og bakka. Þannig yrði markmiði friðlýsingarinnar betur náð. Fuglavernd þykir miður að eigi að leyfa skotveiði á nokkrum tegundum fugla í nafni æðarræktar. Að mati Fuglaverndar ætti frekar að leggja áherslu á að notast við aðferðir sem fæla þessar tegundir frá frekar en að farga fuglunum.	<i>Umhverfisstofnun bendir á að beiðni forseta Íslands um friðlýsingu svæðisins snýr að friðlýsingu Bessastaðaness og aðliggjandi fjara. Var það niðurstaða samstarfshópsins að afmörkun svæðisins í Bessastaðatjörn fari eftir landamerkjum Bessastaða. Ef Umhverfisstofnun berst beiðni frá landeigendum og Garðabæ um að friðlýsa þann hluta tjarnarinnar sem út af stendur mun Umhverfisstofnun bregðast við þeirri beiðni.</i> <i>Hvað varðar athugasemd varðandi heimild til skotveiði á nokkrum tegundum fugla í nafni æðarræktar þá bendir Umhverfisstofnun á að í 13. gr. tillögunnar segir að landeiganda sé heimilt að verja æðavarp en að fara þurfi eftir ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þar að lútandi.</i>
Hestamannafélagið Sóti tekur fram að með leyfi forseta Íslands hefur verið heimilt að ríða í gegnum Bessastaðanes sk. Bessastaðahring sem er að mestu á aðalskipulagi Garðabæjar. Reiðleiðin endar á túni neðan Bessastaða og nær ekki að hringtorgi við heimreið að Bessastöðum eins og æskilegt væri. Í auglýsingu um friðlýsingu Bessastaða er tillaga að reiðmönnum sé heimil för á skipulögðum reiðstígum en félagið vill vekja athygli á að þarna er reiðstígur sem er nýttur og unnið er að koma í skipulag en er það ekki nú þegar. Félagið leggur áherslu á að reiðleiðir séu hringleiðir og óskar eftir að ekki verði lokað á að unnt sé að ríða Bessastaðahringinn. Fyrir liggur heimild frá forseta Íslands að félaginu sé heimilt að bera reiðvegaefni í þann hluta reiðleiðar sem liggur yfir móa við Bessastaði. Umrædd leið liggur frá Bessastaðatjörn að hringtorgi við heimreið að Bessastöðum.	<i>Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsingin svæðisins leiðir hvorki af sér lokun á þeim reiðleiðum sem nýttar eru og heimild forseta Íslands fyrir nýtingu liggur fyrir né lokun á Bessastaðahringnum.</i> <i>Varðandi heildarendurskoðun á stígakerfi þá bendir Umhverfisstofnun á að friðlýsingin kemur ekki í veg fyrir endurskoðun stígakerfisins í skipulagsáætlunum né að unnt sé byggja upp stíga innan friðlandsins. Umhverfisstofnun telur að endurskoðun stígakerfisins ekki vera grundvöllur fyrir frestun friðlýsingar svæðisins. Stofnunin bendir jafnframt á að meðal markmiða friðlýsingarinnar er að vernda útivistargildi svæðisins og í 7. gr. tillögu að friðlýsingu svæðisins segir að nánar skuli fjallað um umferð um friðlandið í stjórnnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.</i> <i>Varðandi heimild hestamannafélagsins frá forseta Íslands til að bera efni í hluta reiðleiðar að þá bendir Umhverfisstofnun á að við friðlýsingu</i>

Hestamannafélagið bendir á að í aðalskipulagi eru merktar fjölmargar reiðleiðir innan fyrirhugaðs friðlands sem ekki hafa verið byggðar. Viturlegt væri að fram fari heildarendurskoðun á stígakerfi og þá um leið reiðvegakerfi innan fyrirhugaðs friðlands í skipulagi áður en til friðlýsingar kemur. Hestamannafélagið tekur fram að félagsmönnum hefur staðið til boða að beita hestum í afmörkuð beitarhólf á Bessastöðum og hefur jafnvel verið rætt um að hafa þar sumarreit. Svo virðist sem gagnkvæm virðing sé milli hrossa og fugla þar sem hross virðast virða hreiðurstæði fugla í beitarhólfum. Beit í afmörkuðum beitarhólfum eins og verið hefur ætti ekki að trufla fuglalíf að ráði. Hestamannafélagið vill benda á að sums staðar í landi Bessastaða er land rýrt og eru merki um uppblástur t.d. við strandlengjuna við Bessastaðatjörn. Félagið telur að ekki ætti að loka á þann möguleika að hrossaskítur sé nýttur á Bessastaðanesi þar sem það gæti átt við til að styrkja landið þar sem nokkuð af honum fellur til hjá félaginu. Það mætti því huga að þessu í 9. gr. Í 10 gr. segir að nýting túna og beit sé heimil eftir samkomulagi við embætti forseta Íslands. Betra væri að nýting túna og beit sé heimil innan skipulagðra beitarhólfa í samræmi við verndaráætlun svæðisins. Sótar eru tilbúnir til að koma á fund og fylgja málinu eftir og gefa útskýringar eins og við á.	<i>svæðisins þarf einnig að fá leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni, sbr. 10. gr. tillögu að friðlýsingu um landnotkun og mannvirkjagerð.</i> <i>Varðandi beitarhólf og nýtingu túna á Bessastöðum þá bendir Umhverfisstofnun á ákvæði 10. gr. tillögu að friðlýsingu þar sem segir að nýting túna og beit sé heimil eftir samkomulagi við embætti forseta Íslands og þess gætt að hún ógni ekki verndargildi svæðisins. Jafnframt segir að nánar skuli fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í stjórnunar- og verndaráætlun verður unnt að skilgreina beitarhólf og nýtingu túna í frekara samráði við Hestamannafélagið Sóta og aðra hlutaðeigandi. Umhverfisstofnun þakkar boð félagsins um samstarf og mun þekkja það við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.</i> <i>Varðandi ábendingu hestamannafélagsins þess efnis að ekki ætti að loka á þann möguleika að nýta hrossaskít við styrkingu lands þá bendir Umhverfisstofnun á að friðlýsingin kveður ekki á um slíkt bann heldur að það þurfi að skoða í hverju tilfelli fyrir sig hvaða aðferðir og efni henta hverju sinni til að gæta að því að verndargildi svæðisins sé ekki ógnað.</i>
Landvernd fagnar þessum áformum en lýsir yfir áhyggjum af því að svæðið sé ekki friðað í heild sinni. Lýsingin á náttúrufari svæðisins í auglýsingunni sé heillandi. Stjórn Landverndar tekur undir þessi markmið friðlýsingarinnar. Áhyggjur stjórnar Landverndar beinast að verndun Bessastaðatjarnar þar sem friðlýsingin nær til helmings hennar. Telur stjórnin ólíklegt að hægt sé að ná verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar nema að tjörnin sem heild og vatnsbakkar hennar	<i>Umhverfisstofnun bendir á að beiðni forseta Íslands um friðlýsingu svæðisins snýr að friðlýsingu Bessastaðaness og aðliggjandi fjara. Var það niðurstaða samstarfshópsins að afmörkun svæðisins í Bessastaðatjörn fari eftir landamerkjum Bessastaða. Ef Umhverfisstofnun berst beiðni frá landeigendum og Garðabæ um að friðlýsa þann hluta tjarnarinnar sem út af stendur mun Umhverfisstofnun bregðast við þeirri beiðni. Umhverfisstofnun bendir</i>

njóti verndar þar sem tjörnin og vatnsbakkinn séu eitt vistkerfi. Verði hluta vistkerfisins raskað er hætt við að því sem heildinni sé ógnað. Stjórn Landverndar vísar til draga að deiliskipulagi á Norðurnesi¹ og hvetur þá aðila sem hafa unnið að þessari friðlýsingu til að staldra við og vinna að heildsteyptri friðun svæðisins og með tjörnina alla í huga, okkur og kynslóðum framtíðarinnar til heilla og til verndar á öllu því merkilega lífi sem þrífst svo vel á þessu svæði. Telur stjórn Landverndar að til þess að svo verði verður að vernda Bessastaðatjörn sem heild auk vatnsbakkanna.	<i>jafnframt á að sveitarfélög fara með skipulagvald innan sinna marka og Umhverfisstofnun veitir umsagnir um skipulagsáætlanir sveitarfélaga.</i>
Náttúrufræðistofnun Íslands Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið jákvætt ef friðlýsingin hefði náð yfir alla Lambhúsatjörn og fjörur hennar en nú er einungis suðvesturhluti tjarnarinnar eftir. Líkt og innan áætlaðra marka er þar að finna vistgerðir með hátt verndargildi eins og klóþangsklungur og marhálmsgræður og mikilvæg búsvæði fugla eins og margæsa. Stofnunin telur óheppilegt að verndunin nái ekki yfir allt þetta mikilvæga svæði og að sama megi segja um Bessastaðatjörn en heppilegt hefði verið ef öll tjörnin væri friðlýst enda fuglalíf þar fjölskrúðugt. Náttúrufræðistofnun bendir á huga þurfi vandlega að umfjöllun um umferð skipa, báta og vatnaípróttatækja í stjórnunar- og verndaráætlun. Á far- og varptíma er fuglalíf mikið á svæðinu, einkum á Lambhúsa- og Bessastaðatjörnum. Skoða ætti svæðisbundnar útfærslur við stjórnun á umferð t.d. reglur um fjarlægð frá landi á viðkvæmum svæðum o.s.frv. Stofnunin bendir einnig á að skoða eigi í stjórnunar- og verndaráætlun að skilgreina bann við umferð hunda í taumi á tilteknum viðkvæmum svæðum eða tímum t.d. í æðarvarpi.	<i>Umhverfisstofnun bendir á að beiðni forseta Íslands um friðlýsingu svæðisins snýr að friðlýsingu Bessastaðaness og aðliggjandi fjara. Var það niðurstaða samstarfshópsins að afmörkun svæðisins í Bessastaðatjörn fari eftir landamerkjum Bessastaða. Varðandi afmörkun svæðisins í Lambhúsatjörn var miðað við netlög aðliggjandi jarðar og mörk friðlýsta svæðisins Skerjafjörður innan Garðabæjar. Ef Umhverfisstofnun berst beiðni frá landeigendum og Garðabæ um að friðlýsa þá hluta tjarnanna sem út af stendur mun Umhverfisstofnun bregðast við þeirri beiðni.</i> <i>Hvað varðar umfjöllun um umferð skipa, báta og vatnaípróttatækja um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið bendir Umhverfisstofnun á að í 7. gr. tillögunnar segir að nánar skuli fjallað um umferð vatnaleiktækja, þ. á m. vatnaípróttatækja s.s. sjódrekaflug og seglbretti, í stjórnunar- og verndaráætlun. Jafnframt segir að nánar skuli fjallað um hraða og umferð báta og skipa um friðlandið í stjórnunar- og verndaráætlun. Við nánari útfærslur reglna um umferð innan friðlandsins í stjórnunar og verndaráætlun mun Umhverfisstofnun óska eftir samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Varðandi undanþágu fyrir refaveiðum með skotvopnum þá bendir Umhverfisstofnun á að í þeim tilfellum sem gæti þurft að grípa til</i>

Náttúrufræðistofnun telur að ekki ætti að veita algjöra undanpágu fyrir refaveiðum með skotvopnum. Refir séu ekki algengir á svæðinu og frekar ætti að horfa til þess að veita sérstakar undanpágur þegar þörf er á. Ólíkt minnum eru refir ekki framandi rándýr í íslenskri náttúru og engin ástæða til að leyfa alla refaveiði án nokkurrar stýringar, sérstaklega á svæði þar sem lítið er um þá.	<i>skotvopna við veiðar á refum þarf að fara eftir ákvæðum náttúruverndarlaga og ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.</i>
Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu en bendir á að Bessastaðavegur er í umsjá Vegagerðarinnar. Vegagerðin minnir á ákvæði Vegalaga nr. 80/2007 um þjóðvegi. Við friðlýsingu þurfi að tryggja aðkomu Vegagerðarinnar vegna viðhalds, þjónustu og minni háttar endurbóta. Vegagerðin bendir á að heimild hennar þurfi til vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæða.	<i>Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing kemur ekki í veg fyrir viðhald og rekstur þeirra innviða sem fyrir eru á svæðinu.</i>

Reykjavík 7. janúar 2022
UST202104-330
09.03



Umhverfisstofnun

Reykjavík 9. des 2021
UST202104-330/I.M.B.
09.03
USK2021100063

Tillaga að friðlýsingu Bessastaðaness, umsögn.

Vísað er í bréf Umhverfisstofnunar dags. 22. okt. 2021 varðandi tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness.

Umsögn

Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða